




## Miklabraut – Umsókn um framkvæmdaleyfi / Háaleitisbraut – Kringlumýrarbraut

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. apríl 2023 var lögð fram umsókn Veitna ohf., dags. 20. mars 2023, um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar kaldvatnslagnar við Kringlumýrarbraut að núverandi kaldvatnslögn austan Háaleitisbrautar, að undanskilinni lögn undir vestari Kringlugötu. Einnig eru lagðir fram uppdættir Mannvits, dags. 31. mars 2023.



Yfirlitsmynd er sýnir endurnýjun stofnlagna við Miklubraut milli Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar

### SKÝRINGAR

	NÝ VATNSVEITULÖGN
	NÝ VATNSVEITULÖGN Í DRÁTTARRÖRI
	NÝ REGNVATNSLÖGN
	NÚV. VATNSVEITULÖGN
	NÚV. BLANDLÖGN
	NÚV. REGNVATNSLÖGN
	AÐSTAÐA VERKTAKA

HNITAKERFI: ISN'93  
HÆÐARKERFI: REYKJAVÍK

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er Miðsvæði M5.

**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag *Breikkun Miklubrautar*, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.10.2000 ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Verið er að skipta út lögnum og endurnýja í stað eldri lagna meðfram Miklubraut og krefst slík aðgerð ekki skipulags. Kallar því umrædd aðgerð ekki á breytingar á gildandi deiliskipulagi. Endurnýja skal 800 mm kaldvatnslögn frá núverandi kaldvatnslögn við Kringlumýrarbraut að núverandi nýja Ø800 kaldvatnslögn austan Háaleitisbrautar, að undanskildri lögn undir vestari Kringlugötu. Tengja skal nýjar kaldvatnslagnir við núverandi kaldvatnslagnir í báða enda. Frá Kringlumýrarbraut að vestari Kringlugötu skal leggja nýja 800 mm lögn að núverandi lögn. Austan Kringlugötu og til móts við lóðamörk milli Hvassaleitis 26 og 30 skal draga nýja 630 mm lögn inn í núverandi 800 mm lögn. Frá lóðamörkum milli Hvassaleitis 26 og 30 að nýrri kaldvatnslögn austan Háaleitisbrautar skal leggja nýja 800 mm lögn. Framkvæmdartími verksins er áætlaður 15.05.2023 - 15.12.2023. Gert er ráð fyrir að loka verði Háaleitisbraut á tímabilinu 10.07.2023 - 31.07.2023.

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða endurnýjun á umfangsmiklu lagnakerfi auk þess sem verið er að framkvæmda göngu- og hjólastíga. Auk þess telst framkvæmdin meiriháttar, umfangsmikil og breytir að einhverju leyti ásynd umhverfisins og nær yfir nokkuð langt tímabil með tilheyrandi raski fyrir íbúa og notendur umferðarkerfisins.

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í samræmi við innsenda umsókn. Í samræmi við tímaáætlun þá er leyfið gefið út til tveggja ára frá útgefnum degi, en verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir tefjast að verulegu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Í uppdráttum sem fylgdi umsókninni stendur:

Almennt skal fara eftir þeim leiðbeiningum sem sýndar eru í ritinu „Reglur um vinnusvæðamerkingar“ og meðfylgjandi teikningum í „Merking vinnusvæða-teikningar“. Ef loka þarf gönguleið við götu skal gangandi vegfarendum vísað yfir götu sbr. teikningu 1.7.1. í „Merking vinnusvæða-teikningar“. Afmarka skal framkvæmdasvæði og gönguleið að lágmarki með gátskjöldum/keilum og flagglínu. Gönguleiðir sem liggja að skurðum og uppgröfnum svæðum, að svæðum þar sem finna er í gang og að ófrágengnum svæðum sem hætta getur stafað af, skulu afmarkaðar frá vinnusvæðum með 2m háðum öryggisgirðingum. Gott undirlag, annað en mól, skal haft þar sem hjáleir gangandi fara yfir gras ef framkvæmd stendur lengur yfir en í eina viku.

Taka skal tillit til þess að um er að ræða viðamikla framkvæmda við umferðarþungar götur í nágrenni íbúðarbyggðar. Loka þarf t.a.m. göngustígum tímabundið. Skal því gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdina og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eða að lágmarki eins og mögulegt er. Jafnframt ber að tryggja að vinnusvæðið sé snyrtilegt. Ekki er heimilt að safna upp haugum af efni til losunar þannig að það geti valdið jarðvegsfoki eða annarri truflun fyrir íbúa.

Ef framkvæmdaleyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki ofl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis á skrifstofu rekstur og umhirðu á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Eins og kemur fram á uppdráttum hönnuðar þá þarf að þvera Háaleitisbraut við gatnamót Miklubrautar og eins aðrein að Kringlugötu (Kringlan) frá Miklubraut, og þarf vegna þessa að afla tilskilinna leyfa hjá Reykjavíkurborg.

Farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

## Niðurstaða

- Fallist er á að veitt verði framkvæmdaleyfi.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt